

## 35. fundur kennararáðs.

Kópavogi, 18.01.2024.

**Mættir:** Birgir Urbancic Ásgeirsson, Guðjón H. Hauksson, Guðmundur Engilbertsson, Helga Kristín Kolbeins, Ingimar Ólafsson Waage, Mjöll Matthíasdóttir, Hrafnkell Tumi Kolbeinsson, Haraldur F. Gíslason.

**Fjarverandi:** Ragnar F. Ólafsson, Sonja Dögg Pálsdóttir, Jónína Hauksdóttir, Kolbrún Pálsdóttir, Jónína Hauksdóttir, Svala Hreinsdóttir, Kristín Jónsdóttir.

**Fundarritari:** Gunnhildur Harðardóttir.

**Fundarstaður:** Teams

### Dagskrá fundar:

1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð.
2. Plakat.
3. Starfsþróun.
4. Pisa – umræður.
5. Staðan á kynningum um reglugerðina.
6. Önnur mál.

### Umræður og ákvarðanir:

1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð  
Formaður opnaði fund, bauð þátttakendur velkomna og fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við dagskrá, fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.
2. Plakat  
Lokaútgáfa að plakötum um hæfniramma kennara kynnt. Næstu skref eru að birta skjölin á vefsvæði ráðsins hjá MMS. QR kóðar virka. Rætt um að rammi fjögur sé „sérstakur“. Skoða uppsetningu á útgáfu tvö og lagfæra sérstaklega neðanmálgrein.  
Afstaða hefur ekki verið tekin til þess hvort og hvenær prentútgáfa verði gefin út.
3. PISA  
Umræður um niðurstöður Íslands í Pisa könnun. Upp komu spurningar um hvað gera ætti næstu 1 – 2 ár varðandi niðurstöður Pisa og hvort það sé eitthvað sem kennararáð ætti að taka fyrir. Fram kom í máli fundarmanna að nú þegar, væri margt í gangi og hver og einn í ráðinu ætti að fylgjast með á sínum vettvangi. Þá var einnig bent að á efla þurfi starfsþróun kennara og halda vel utan um hana. Háskóli Íslands hefur haldið vinnufundi með KÍ og fleiri aðilum þar sem lögð var áhersla á aukna starfsþróun og endurskoðun á kennaranáminu. Bent var á að hlutverk kennararáðs væri samkvæmt lið d. *að fylgjast með alþjóðlegri þróun og áherslum í menntavísindum og nýta við ráðgjöf um kennaramenntun og starfsþróun.*

Fram kom að forsjáraðilar hafi áhyggjur af því sem er að gerast í skólunum. Lögð var áhersla á að taka þyrfti niðurstöður PISA alvarlega. Unnið sé að úrbótum á útgáfu og framboði á námsefni. Rætt um námsaðstæður, yfirfæslunám og djúpnám og að Pisa kalli á hæfni sem leitar að lausnum. Samvinna skólastiga skiptir máli ásamt starfsþróun.

#### 4. Staðan á kynningum um reglugerðina

Formaður benti á mikilvægi þess að umræða um reglugerðina eigi sér stað innan háskólanna. Farið var yfir stöðu kynningarmála varðandi reglugerðina um hæfiramma kennara. Staða á kynningarmálum er mismunandi eftir háskólum. Listaháskólinn hefur ekki haft kynningu en gengið verður í málið og samband haft við HR. Enginn fulltrúi frá HÍ var á fundinum og því liggur ekki fyrir hver staðan á kynningum er þar.

Háskólinn á Akureyri hefur tekið umræðuna í skömmtun. Umsjónarkennarar fara í gegnum gögnin. HA telur æskilegra að kynna hæfnirammann í litlum hópum en ekki stórum og að betra sé að sýna plakötin við kynningar fremur en glærुकynninguna. Námsnefnd skólans þarf að skoða þetta þar sem mikið er um stundakennara. Fjórða árs nemar hafa einu sinni fengið kynningu á hæfnirammaum.

#### 5. Önnur mál.

##### A. Iftra ráðstefna 2024

Ráðstefna kennararáða heimsins haldin í Ástralíu í maí. Ráðstefnunni verður ekki streymt. Tengill á ráðstefnuna er: <https://www.iftra.org/iftra-conference-2024>. Umræða um að Ísland tengist frekar kennararáðum á Írlandi, Skotlandi og Wales.

##### B. Skipunartími kennararáðs

Skipunartími ráðsins er til 14. júní 2024. Síðasti fundur er 16. maí. Ráðuneytið mun óska eftir tilnefningum í ráðið.

Fundið slitið kl: 14:35

Næsti fundur: 15. febrúar 2023 kl: 13.00 -15.00.